

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2016, miðvikudaginn 27. janúar var haldinn 349. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn á Höfðatorgi, 3. hæð Arnarholti og hófst kl. 09:05. Mættir: Eva Einarisdóttir formaður, Anný Berglind Thorstensen Kópavogi, Kolbrún G Þorsteinsdóttir Mosfellsbæ og Pétur Óskarsson Hafnarfirði. Björg Fenger Garðabæ og Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi boðaði forföll. Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Rætt um skipulagsmál í Bláfjöllum.
Samstarfsnefnd skíðasvæðana á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir því við stjórn SSH að hún beiti sér fyrir að lokið verði við deiliskipulag á skíðasvæðinu í Bláfjöllum.
- 2.. Lögð fram drög að rekstrarútkomu vegna ársins 2015.
3. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna í fjöllum. Lyftur voru stíðar í gang í byrjun vetrar vegna versta eldingaveðurs sem sést hefur lengi. World Snow Day gekk frábærlega þrátt fyrir talsvert rok á svæðinu. Börn og unglingar nýttu daginn vel. Það eru komnir 28 opnunardagar í vetur miðað við 18 í fyrra á sama tíma. Fullt hefur verið í bretta- og skíðaskóla allar helgar. Formleg opnun Skálafells verður á sunnudaginn. 4.-7. febrúar er vetrarhátíð í Reykjavík haldinn. Skíðasvæðin verða með viðburð á Arnarhóli. Vetrarfrí sveitarfélaganna standa fyrir dyrum og verður opnunartími rýmkaður í Bláfjöllum meðan þau standa yfir.
kl. 09:50 vék Ómar Einarsson af fundi.
4. Stjórnin beinir þeim tilmælum til stjórnar SSH að skoðað verði, í aðdraganda nýrra samninga, að skoða möguleika á útboði fyrir rekstur og uppbyggingu í Skálafell.

Fundi slitið kl. 10:00.

Eva Einarisdóttir

Kolbrún G Þorsteinsdóttir
Pétur Óskarsson

Anný Berglind Thorstensen

